

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2023, mánudaginn 22. maí var haldinn 277. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík og hófst kl. 13:09. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Sigrún Guðmundsdóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Einar S Hálfánarson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingunn Ólafsdóttir, fagstjóri innri endurskoðunar.

Fundarritari var Hallur Símonarson

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á eftirfylgni með úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á afstemmingum undirkerfa Agresso **IER22110108**

Elfa Ingibergsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer kynning á eftirfylgni með úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á stjórnun rekstrarsamfellu hjá fjármála- og áhættustýringarsviði **IER22110043**

Arnar Freyr Guðmundsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á eftirfylgni með úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á stjórnun rekstrarsamfellu hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði **IER22110043**

Arnar Freyr Guðmundsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lögð fram umsögn innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar um málsmeðferðartillögu þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna úttektar IER á netöryggi Reykjavíkurborgar **IER22110041**

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Endurskoðunarnefnd tekur undir með umsögn innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar að úttekt KPMG skapi grunn að uppbyggingu upplýsingatækniinnviða hjá Reykjavíkurborg. Nefndin telur þó mikilvægt að stjórnendur á fjármála- og áhættustýringarsviði og þjónustu- og nýsköpunarsviði skipuleggi umbótastarf á sviðunum jafnframt með hliðsjón af niðurstöðum úttekta Innri endurskoðunar og ráðgjafar á netöryggi, aðgangsstýringum upplýsingakerfa og rekstrarsamfellu upplýsingakerfa.

Umsögninni vísað til fjármála- og áhættustýringarsviðs, þjónustu- og nýsköpunarsviðs og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

5. Fram fer kynning á úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Malbikunarstöðinni Höfða hf. **IER22110080**

Vísað til stjórnar Malbikunarstöðvarinnar Höfða.

6. Fram fer kynning á eftirfylgni með úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á utanumhaldi samninga Ljósleiðarans **IER22110025**

Viðar Kárasón tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Vísað til stjórnar Ljósleiðarans.

7. Fram fer kynning á úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á áhættustjórnun hjá Orkuveitu Reykjavíkur **IER22110068**

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd þakkar gagnlega úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar og telur ljóst að margt hefur áunnist í áhættustjórnun hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndin telur mikilvægt að Vitinn, kerfið sem er í innleiðingu hjá OR og dótturfélögum, verði innleitt sem fyrst en bendir þó á að mikilvægt er að halda vel utan um verkefnið þar til Vitinn hefur verið innleiddur. Að mati endurskoðunarnefndar er mikilvægt að áhættustjórnun vinni þvert á allar deildir fyrirtækisins og sé miðlæg og sýnileg í skipuriti fyrirtækisins.

Vísað til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

8. Fram fer kynning á úttekt Innri endurskoðunar og ráðgjafar á sjálfstætt starfandi tónlistarskólum **IER22120004**

Jenný Stefanía Jensdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Frestað.

- Kl. 16:30 vikur Ingunn Ólafsdóttir af fundinum.

9. Fram fer kynning á skoðun á innkaupum á leikskóla **IER23010019**

Jenný Stefanía Jensdóttir og Edda Andrésdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

**Fundi slitið kl. 17:05**

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir

Sunna Jóhannsdóttir